

FUNDARGERÐ

316. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, þriðjudaginn 15. nóvember 2022 kl. 14:00.

Mætt eru:

Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Ómar Bragason (HÓB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), er í fjarfundi.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá

- 1 Gjaldskrár 2023 – afgreiðsla
 - 2 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
 - 3 Fjárhagur eftir 10 mánuði 2022
 - 4 Hitaveita í Eiða, uppfært kostnaðarmat og viljayfirlýsing
 - 5 Hreinsistöð Melshorni - frumhönnun
 - 6 Starfsmannamál
 - 7 Yfirlit verkefna
 - 8 Önnur mál
 - a. Neysluvatn úr Fjarðarheiðargöngum
 - b. Stærðarmörk hitaveitna gagnvart gildissviði orkunýtnitilskipunar
 - c. Samkomulag um lagnalegu frá Hringvegi að hreinsistöð á Melshorni
-

1 Gjaldskrár 2023 – afgreiðsla

Fyrir fundinum liggja útreikningar og drög að uppfærðum gjaldskráum félagsins fyrir árið 2023. Að lokinni fyrri umræðu um xxx í sveitarstjórn Múlaþings leggur stjórn HEF eftirfarandi til:

Hitaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá hitaveitu almennt um 8% frá og með næstu áramótum. Byggingavísitala stefnir í hækkingu upp á um 10% á árinu. Ljóst er að gjaldskrá hitaveitu hefur dregist aftur úr verðlagsþróun á síðustu árum en þann mun má að miklu leyti rekja til þess að það láðist að senda inn til ráðuneytis og fá samþykki ráðherra í tæka tíð fyrir hækkingu gjaldskrár fyrir árið 2019.

Vatnsveita:

Samþykkt að hækka vatnsgjald og fast gjald vatnsveitu (3. gr.) aðeins um 3,5% frá og með næstu áramótum. Ekki er talin þörf á frekari hækkingu þar sem ekki eru fram undan fjárfrek verkefni hjá vatnsveitunni. Önnur gjöld gjaldskrárinnar fylgi breytingu byggingarvísitölu, sbr. 9. gr.

Fráveita:

Samþykkt að álagningarprósenta fráveitugjalds lækki úr 0,35% í 0,33% af fasteignamati fasteigna og lóða frá og með næstu áramótum. Önnur gjöld fylgja byggingarvísitölu, sbr. 4.mgr. 7. gr og verða uppfærð skv. venju.

Gagnaveita:

Samþykkt að hækka gjaldskrá gagnaveitu um 15%, frá og með 1. janúar 2023, enda sé það í takti við verðþróun á markaði, en gjaldskrá hefur ekki breyst frá stofnun veitunnar.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að sækja heimild til ráðherra til gjaldskrárbreytingar hitaveitu og auglýsa í b-deild stjórnartíðinda breytingar á gjaldskrá vatns- og fráveitu og birta breytta gjaldskrá gagnaveitu á heimasíðu. Breyttar gjaldskrár taki gildi 1. janúar 2023.

Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

2 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárfestingaáætlun 2023 og 3ja ára áætlun 2024-2026:

Ár	2023	2024	2025	2026
Áætlun [M.kr.]	932.600	848.400	499.990	471.200

Tíu ára áætlun er í vinnslu.

3 Fjárhagur eftir 10 mánuði 2022

Framkvæmdarstjóri fór yfir fjárhag fyrstu 10 mánuði 2022.

4 Hitaveita í Eiða, uppfært kostnaðarmat og viljayfirlýsing

Fyrir fundinum liggur uppfærð kostnaðaráætlun ráðgjafa vegna verkefnisins auk Verkáætlunar HEF. Útboð efnis og framkvæmdar verða í desember 2022 t.o.m. febrúar 2023. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist í maí og verði lokið í október 2023.

5 Hreinsistöð Melshorni - frumhönnun

Stjórn leggur áherslu á að framhald verði unnið rösklega, svo hefja megi framkvæmdir næsta sumar, 2023. Gengið skal út frá því að ekki verði þjóðvegur yfir Eyvindará, um Melshorn, sem haft gæti áhrif á skipulagningu lóðarinnar.

6 Starfsmannamál

Halla Sigrún, tækni- og gæðastjóri hefur sagt upp störfum. Framkvæmdastjóri mun auglýsa starfið í samræmi við umræður á fundinum.

7 Yfirlit verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna.

8 Önnur mál

a. Neysluvatn úr Fjarðarheiðargöngum

Framkvæmdastjóri hefur komið ósk stjórnar til Vegagerðarinnar um að nýta vatn úr göngum í neysluvatnsveitu. Lagt fram til kynningar.

b. Stærðarmörk hitaveitna gagnvart gildissviði orkunýtnisSKIPUNAR

Framkvæmdastjóri kynnir lauslega vinnu Samorku við væntanlega orkunýtnisSKIPUN Evrópusambandsins og tillögu Samorku að stærðarmörkum hitaveitna sem gangast skulu undir tilSKIPUNINA eða verði gefinn aukinn frestur til innleiðingar. Lagt fram til kynningar.

c. Samkomulag um lagnalegu frá Hringvegi að hreinsistöð á Melshorni

Fyrir liggur samningur við landeiganda Egilsstaða I um legu lagna frá Hringvegi að lóð væntanlegrar hreinsistöðvar á Melshorni.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning og felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn og fá honum þinglýst.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:10

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, _____ 2022

_____	_____
_____	_____
_____	_____